

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Reykjavík, 6. mars 2019

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr.25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, lögum nr. 93/1995 um matvæli og lögum nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru (Mál nr. S-50/2019)

Drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, lögum um matvæli og lögum um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru voru sett inn á samráðsgátt 20.02.2019.

Stjórn Landssamtaka sauðfjárbænda hefur farið yfir efni frumvarpsins og leggst alfarið gegn því að það verði samþykkt.

Það er skoðun samtakana að taka verði EES-samninginn til endurskoðunar í ljósi þess að ekki sé hægt að beita ákvæði 13. gr EES-samningsins sem forsendu fyrir núverandi fyrirkomulagi er varðar innflutning á hráu, ófrosnu kjöti. Þegar EES-samningurinn var innleiddur árið 2009 var það eitt af þeim skilyrðum sem sett voru að áfram yrði bann við innflutningi á hráu ófrosnu kjöti, hráum eggjum, ógerilsneyddum mjólkurvörum og hráum ósútuðum skinnum. Samtökin telja niðurstöðu EFTA dómsins og dóms Hæstaréttar Íslands algjöran forsendubrest á skilyrðum fyrir samþykkt samningsins og hafna alfarið þeirri uppgjöf sem felst í frumvarpinu.

Íslendingar eiga gífurleg verðmæti sem felast í einstakri sjúkdómastöðu búfjár á Íslandi. Sú staðreynd og ekki síður mjög lítil og markviss notkun sýklalyfja í landbúnaði í áratugi gerir landbúnaðarframleiðslu á Íslandi einstaka þegar kemur að hreinleika afurða. Vísindamenn greinir á um hvaða áhrif frjáls innflutningur hráu kjöti muni hafa á þessa stöðu. Eitt er þó ljóst að áhættan eykst taki frumvarpið gildi. Það er líka ljóst að ef við töpum þeirri stöðu sem nú er varðandi dýraheilbrigði munum við aldrei ná því til baka. Það er réttur okkar sem þjóðar að halda hér uppi eðlilegum vörnum hvað varðar heilbrigði manna og dýra. Þessi staða okkar er öfundsverð, hún er einstök og í raun furðulegt að við skulum gefast upp við að halda hér uppi eðlilegum vörnum landsins.

Þær mótvægisáðgerðir sem boðaðar hafa verið samhliða gildistöku á þessu frumvarpi er ætlað að efla matvælaöryggi, tryggja vernd búfjástofna og bæta samkeppnisstöðu innlendra matvælaframleiðslu. Landssamtök sauðfjárbænda telja óraunhæft að búið verði að vinna að

öllum þeim aðgerðum sem tiltekna eru í áætluninni fyrir gildistöku lagana 1. september. Einnig telja samtökin að það þurfi að ganga mun lengra í mótvægisáðgerðum en lagt hefur verið til.

Þá gagnrýna samtökin harðlega að ekki hafi farið fram nein kynning á fyrirhuguðum áhrifum af þessa frumvarps á íslenska kjötframleiðslu. Ljóst er að tekjutap íslensks landbúnaðar veltur á mörg hundruð milljónum árlega verði af gildistöku frumvarpsins. Slíkt getur leitt til verulegra breytinga á rekstrarumhverfi kjötframleiðenda. Þar er ekki bara um að ræða töpuð störf meðal bænda heldur líka þeirra sem starfa við úrvinnslu landbúnaðarafurða svo ekki sé minnst á byggðarleg áhrif sem fylgja munu.

Landssamtök sauðfjárbænda hafna þeirri uppgjöf sem felst í þessu frumvarpi og leggja til að það verði ekki samþykkt. Þess í stað verði teknar upp viðræður um EES-samningin sem heimila íslenskum stjórnvöldum að vernda einstaka sjúkdómastöð búfjár á Íslandi.

Virðingarfyllt,
f.h. Landssamtaka sauðfjárbænda

Oddný Steina Valsdóttir

Oddný Steina Valsdóttir
Formaður